

## Skýrsla stjórnar UT-kvenna fyrir árið 2009

Fagfélagið UT-konur er nú að ljúka sínu fimmta starfsári, en það var stofnað 25. maí 2005 á stofnfundi þess í Háskólanum í Reykjavík. Félagið heldur aðalfundi að vori, en þessi skýrsla á við almanaksárið 2009.

Stjórnin hélt fundi reglulega fundi, oft mánaðarlega og stundum oftar fyrri hluta árs.

Stefnumótunarvinna og markmiðasetning félagsins var fyrirferðamikil í upphafi árs. Umræður voru um hvort hvort það fyrirkomulag að við erum faghópur innan SKY sé á einhvern hátt að hamla starfinu eða fæla konur frá. Stofnun hópsins „Tækniátur“ gefur til kynna að sumar konur vilji hafa hlutina á annan og einfaldari hátt og er það vel. Í janúar 2009 áttu UT-konur fund með hluta af stjórn SKY þar sem staða UT-kvenna innan SKY var rædd. Var rætt um væntingar hvors um sig til samstarfsins, réttindi og skyldur. Niðurstaða þessarar umræðu var að sjá til og breyta ekki fyrirkomulaginu að svo stöddu.

Áfram var áhersla á að efla innra starf með fræðslu- og skemmtifundum, en þó var ákveðið að helga þennan vetur kynningarátaki til að hvetja ungar stúlkur til að kynna sér upplýsingatæknina.

Mikill áhugi, bæði innan stjórnar og utan, hefur verið fyrir því að kynna fagið meðal ungra kvenna með það að markmiði að stuðla að fjölgun kvenna innan tölvu- og upplýsingatækninnar. Með það í huga héldum við hugarflugsfundi þar sem hugmyndum var kastað á milli og hefur afrakstur þeirrar vinnu nú litið dagsins ljós í formi myndbands og fræðslupakka, sem sendur var á alla grunn- og framhaldsskóla landsins í maí 2009.

Kynningarmyndbandinu er ætlað að gefa innsýn í líf og störf kvenna sem starfa innan tölvu- og upplýsingatækninnar. Tilgangur myndbandsins er að vekja áhuga ungra stúlkna á möguleikum og fjölbreytileika þeirra starfa sem bjóðast í faginu. Tekin voru viðtöl við konur sem starfa á ólíkum sviðum innan fagsins og vonumst við þannig til að gefa áhugaverða sýn á fagið og þau störf sem í boði eru. Viðmælendur voru beðnir að lýsa hefðbundnum degi í vinnunni, hvað þær eru að fást við og hvað það er sem gerir starfið áhugavert.

Haldnar voru kynningar á myndbandinu í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi, en UT-konur heimsóttu skólana í hádegishlé, sýndu myndbandið og ræddu við nemendur. Myndbandið er hægt að nálgast á slóðinni:

<http://www.sky.is/utkonurmyndband.html>

Í framhaldinu var ákveðið að senda “Fræðslupakka” til allra grunn- og framhaldsskóla landsins til að koma efninu á framfæri við stærri hóp. Í þessum fræðslupakka er mynddiskur (DVD) með myndbandinu, upplýsingar um nám frá háskólunum auk upplýsinga um UT-konur og SKY. Hluta af þessum skjölum má nálgast á vefsíðu okkar, [www.utkonur.wordpress.com](http://www.utkonur.wordpress.com), undir “Myndband – Fræðsluefni”

Er það von UT-kvenna að myndbandinu verði gerð góð skil og efnið kynnt fyrir nemendum hvers skóla. Átak sem þetta kallar á vinnu og samtakamátt margra aðila.

Jákvæð viðbrögð og velvilji fyrirtækja og viðmælenda í myndbandi auk ómældrar vinnu Utkvenna hafa gert þetta verkefni að veruleika. Það sýnir að þegar viljinn er til staðar og margar hendur vinna samtaka að settu marki, þá eru okkur allir vegir færir. Vonandi skilar þetta átak sér í vaxandi áhuga ungra stúlkna á upplýsingatækninni og raungreinum yfirleitt.

Allt starf UT-kvenna við vinnslu þessa fræðsluefnis var unnið í sjálfböðavinnu og það sama á við um þá sem fram komu í myndbandinu, en til framleiðslu og fjölföldunar á mynddisk og útsendingu efnis nutum við stuðnings frá styrktaraðilum.

Samtök lónaðarins er aðalstyrktaraðili okkar en einnig fengum við styrk frá Háskólanum í Reykjavík og SKY. Viljum við þakka þessum aðilum sérstaklega fyrir þeirra framlag. Einnig viljum við þakka öllum þeim, sem lögðu fram vinnu við gerð myndbandsins.

Aðalfundur félagsins var haldinn 19. maí 2009 í Háskólanum í Reykjavík. Kynnt var skýrsla stjórnar og kosið var í stjórn. Úr stjórn gengu Þóra Halldórsdóttir formaður, Sigríður M. Björgvinsdóttir og Hrönn Þormóðsdóttir. Marta Kristín Lárusdóttir gaf kost á sér sem formaður og var kjörin sem slík, jafnframt gáfu Dísá Anderiman og Steinunn M. Sigurbjörnsdóttir kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Auk þeirra voru kosnar í stjórn þær Ása Björk Stefánsdóttir og María Hlín Steingrímsdóttir og sem varamenn voru kjörnar þær Monica Roismann og Hrefna Gunnarsdóttir .

Að loknum aðalfundarstörfum komu þau Guðný Halldórsdóttir leikstjóri og Halldór Þorgeirsson kvikmyndaframleiðandi og kynntu fundargestum notkun hugbúnaðar í kvikmyndagerð. Afar áhugaverður fyrirlestur sem vakti mikinn áhuga hjá fundargestum.

Haustið 2009 tók formaður félagsins þátt í vinnu um endurskoðun félagsgjalda hjá Ský ásamt þremur öðrum aðilum. Nefndin skilaði niðurstöðu undir lok árs eftir farsæla samvinnu.

Vegna anna hjá stjórnarmeðlimum hefur verið lítið um viðburði haustið 2009, en við stefnum á tvö viðburði á vordögum 2010, annars vegar fræðslufund og hins vegar léttari samkomu þar sem lögð er áhersla á að kynnst fleiri konum í upplýsingatæknigreiranum. Ennfremur stefnum við að að kynna myndbandið frekar í framhaldskólum í tengslum við þemadaga hjá skólunum. Einnig hefur verið rætt um aðstoða við örnámskeið Ský, svo það er nóg af hugmyndum á borðinu á nýju ári.

Reykjavík, 5. febrúar, 2010

Marta Kristín Lárusdóttir  
Formaður UT-kvenna